

2006

Ársskýrsla Neytendastofu



NEYTENDASTOFA

Efnisyfirlit

I. Inngangur	3
Öryggi og réttindi neytenda.....	3
Þekking og fræðsla	3
II. Skipurit	5
III. StjórnSýslusvið.....	6
Rekstur.....	6
Útgáfa og kynningarmál	6
Yfirumsjón lagamála	7
Innlent samstarf	7
Erlent samstarf.....	7
IV. Öryggissvið	8
Inngangur.....	8
Rafmagnsöryggismál.....	8
Öryggi raforkuvirkja.....	8
Öryggi neysluveitna.....	9
Öryggisstjórnun rafverktaka	14
Löggilding rafverktaka	14
Markaðseftirlit	14
Eftirlit með rafföngum á markaði	14
Öryggi raffanga í rekstri (eldri raffanga).....	18
Samvinnunefnd.....	18
Eðalmálmar.....	19
Starfsemi á sviði öryggi almennrar vöru og opinberrar markaðsgæslu	20
Rannsóknir og skráning slysa og tjóna af völdum rafmagns	22
Skýrsla um slys og tjón af völdum rafmagns fyrir árið 2005	23
Almenn öryggis- og tæknimál	24
Upplýsingaskipti og tæknilegar tilkynningar á grundvelli EES samningsins.....	24
Rafrænar undirskriftir	26
Innlent samstarf	27
Samorka.....	27
Rafstaðlaráð/Staðlaráð.....	27
Rafmagnsöryggisráð.....	27
Nefnd um sviptingu löggildingar rafverktaka til rafvirkjunarstarfa	28
Ljóstæknifélag Íslands.....	28
Erlent samstarf.....	28
Norrænt samstarf	31
Alþjóðlegt samstarf	31
V. Neytendaréttarsvið.....	32
Réttindi neytenda.....	32
Óréttmætir viðskiptahættir.....	32
Gagnsæi markaðarins	34
Verðbróun á grænmeti og ávöxtum	34
Verðmerkingar í matvöruverslunum	34
Lækkun virðisaukaskatts og þjónustusamningur við viðskiptaráðuneytið.....	35
Athugun á verðupplýsingum á þjónustu tannlækna.....	35
Verð í kassa herra en verð í hillu	36
Neytendafræðsla	36
Innlent samstarf	37
Erlent samstarf.....	37
VI. Mælifræðisvið	39

Inngangur.....	39
Kvarðanir og mælingar í atvinnulífi	40
Faggilding kvörðunarþjónustunnar.....	40
Kvarðanir	40
Mæligrunnar	42
Ástand mæligrunna.....	42
Lögmælifræði og löggildingareftirlit.....	42
Markaðs- og löggildingareftirlit.....	42
Löggildingar	43
Fræðsla og fagmál	46
Lög og reglugerðir.....	47
Innlent samstarf	50
Erlent samstarf.....	50
Evrópskt samstarf	50

I. INNGANGUR

Árið 2006 var fyrsta samfellda starfsár nýrrar Neytendastofu. Í ársbyrjun lauk fyrsta áfanga í stefnumótunarvinnu en hún leiddi m.a. til þess að kjarnastarfsemi helstu starfssviða er nú betur skilgreind og nokkrar tilfærslur urðu á verkefnum. Í kjölfar nýrrar stefnumótunar staðfesti svo viðskiptaráðherra 23. mars 2006 nýtt skipurit stofnunarinnar.

Öryggi og réttindi neytenda

Öryggi og réttindi neytenda eru tvö meginstef í niðurstöðu á stefnumótun fyrir Neytendastofu. Neytendastofu er falið að hafa eftirlit með því að neytendum sé ekki hættu búin af völdum vöru, þ.m.t. rafmagns, sem markaðssett er á Íslandi og á Evrópska efnahagssvæðinu. Neytendastofu er auk þess falið að framfylgja ýmsum lögum er Alþingi hefur samþykkt og sem tryggja ýmis réttindi neytenda í viðskiptum. Öryggi og réttindi neytenda eru því mikilvæg leiðarljós í öllu starfi Neytendastofu að málefnum neytenda.

Frjáls Innri markaður í Evrópu byggir á því að ábyrgð á framleiðslu vöru er hjá framleiðendum. Vörur sem neytendum getur stafað hættu af skulu fyrirfram teljast öruggar ef þær eru framleiddar í samræmi við evrópska staðla og hlotið CE-merkingu því til staðfestingar. Hið sama gildir um löggildingarhæfi mælitækja en þau skulu einnig bera sérstakar merkingar til viðbótar framangreindu merki.

Alþingi hefur á undanförunum árum samþykkt lög sem ætlað er að styrkja stöðu neytenda í viðskiptum sbr. til að mynda lög um neytendalán, lög um neytendakaup, lög um alferðir, o.fl. Neytendastofa hefur mikilvægu hlutverki að gegna við að fræða og kynna slíka löggjöf fyrir neytendum og ekki síður fyrirtækjum sem verða að þekkja slíkar reglur og virða.

Þekking og fræðsla

Réttindi er lög veita neytendum í viðskiptum eru lítilsvirði ef hvorki neytendur né seljendur þekkja og virða þau réttindi sem lögfest hafa verið. Sífelld koma til sögu nýir aðilar að rekstri fyrirtækja og nýir einstaklingar vaxa úr grasi sem mikilsvert er að læri að þekkja þær reglur sem vernda eiga neytendur í viðskiptum. Neytendastofa telur því brýnt að efla alla fræðslu og kynningu fyrir almenning á réttindum neytenda m.a. með útgáfu kynningarefnis, kynningum í fjölmiðlum og síðast en ekki síst með stórauðinni neytenda-

fræðslu á öllum skólastigum. Reynslan sýnir að virk fræðsla og samvinna við helstu hagsmunaaðila er vænlegri til þess að tryggja að öryggi og réttindi neytenda séu þekkt og virt. Mikilsvert er því fyrir neytendavernd á Íslandi ef unnt verður að fylgja eftir slíkri nálgun hér á landi.


Maí 2007

Tryggvi Axelsson, forstjóri

II. SKIPURIT



NEYTENDASTOFA



III. STJÓRNSÝSLUSVIÐ

Starfsmenn á Stjórnsýslusviði á árinu voru Ása L. Sæmundsdóttir, skjalavörður, Björk Hreinsdóttir, móttökuritari, Marít Davíðsdóttir, móttökuritari, Arna S. Sigurðardóttir Hagalín, fjármálastjóri en í desember tók Helga Sigurðardóttir við starfi fjármálastjóra, Hjördís Hjaltadóttir, lögfræðingur, Tryggvi Axelsson, forstjóri og Þórdís Þorbergsdóttir, bókarari. Auk þess voru hluti af starfi nokkurra starfsmanna unnin í þágu Stjórnsýslusviðs þ.e. Grímur Kjartansson, kerfisstjórnun, Fjóla S. Guðjónsdóttir, starfaði að innleiðingu gæðastjórnunar og Kristín S. Færseth annaðist heimasíðu og ýmsa aðstoð við gerð nýrrar heimasíðu.

Rekstur

Á árinu hefur mikil vinna átt sér stað á Stjórnsýslusviði við mótun og eftirfylgni á nýjum stefnumiðum og starfsskipulagi fyrir Neytendastofu. Unnið hefur verið að innleiðingu á gæðastjórnunarkerfi fyrir starfsemi sviðsins og gerðar verklagsreglur fyrir margvíslega verkferla á Stjórnsýslusviði. Gæðastefna stofnunarinnar var endurnýjuð og samþykkt að taka upp aðferðir gæðastjórnunar fyrir öll starfssvið Neytendastofu.

Undirbúningur að nýrri heimasíðu þ.e. hönnunar- og skipulagsvinna var mikil á árinu. Auk þess var sú ákvörðun tekin að innleiða í tengslum við nýja heimasíðu gagnvirka þjónustugátt fyrir viðskiptamenn stofnunarinnar í samstarfi við hugbúnaðarfyrtækið Idega hf. Markvisst var unnið að því að ljúka allri tæknilegri vinnu og hönnun fyrir árslok 2006 og hefur sú vinna gengið eftir áætlun.

Útgáfa og kynningarmál

Í stefnumótunarvinnu Neytendastofu hefur komið skýrt fram að brýnt er að efla fræðslu og kynningu til neytenda, fagmanna og fyrirtækja á ýmsum atriðum er varða réttindi og

öryggi neytenda. Neytendastofa hefur í þessu skyni unnið að endurnýjun fræðsluefnis í formi bæklinga, birt auglýsingar og gefið út fréttatilkynningar til að vekja athygli á ýmsum málum á sviði neytendaverndar. Mikilvægt er að í framtíðinni takist að efla slíka útgáfu – og kynningarmál eftir því sem frekast er unnt.

Yfirumsjón lagamála

Neytendastofu er falið úrskurðarvald um ýmis atriði samkvæmt þeim lögum sem gilda fyrir ýmis starfssvið stofnunarinnar. Algengast er að Neytendastofa kveði upp úrskurði vegna kærumála sem henni berast í tilefni af brotum á lögum um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Á árinu 2006 kvað stofnunin upp alls 19 úrskurði á því sviði og yfirleitt notfæra aðilar máls rétt sinn til þess að skjóta málum til áfrýjunarnefndar neytendamála. Neytendastofa leggur áherslu á að mál sem koma til úrskurðar hjá stofnunni hljóti eins vandaða málsmeðferð og unnt er að veita hverju sinni og fylgt sé ákvæðum stjórnsýslulaga og góðum stjórnsýsluháttum í hvívetna. Mikil áhersla er því lögð á að allar ákvarðanir sem starfsmenn undirbúa og taka á málefnasviðum Neytendastofu komi til umfjöllunar og samráðs hverju sinni við yfirstjórn stofnunarinnar.

Innlent samstarf

Virkt samstarf var haft við viðskiptaráðuneytið um ýmis skipulags – og lagaleg málefni er stofnunina varðar. Auk þess hefur á árinu verið haldnir fundir með ýmsum hagsmunaaðilum í atvinnulífinu, samtökum neytenda en einnig fulltrúum ýmissa annarra eftirlitsstjórnvalda. Þannig hafa t.d. átt sér stað fundir með Póst-og fjarskiptastofnun í þeim tilgangi að ræða samstarf um mælingar fjarskiptafyrirtækja og reikningsgerð á grundvelli hennar til neytenda og Orkustofnun til að ræða nánar um samanburðarreiknivél á raforkuverði, o.fl.

Erlent samstarf

Neytendastofa tekur þátt í samstarfi eftirlitsstjórnvalda á sviði neytendamála í samræmi við reglur Evrópuréttarins. Fundir hafa verið sóttir í CPC-nefnd (e. Consumer Protection

Cooperation) sem er samstarfsvettvangur eftirlitsstjórnvalda á sviði neytendamála innan Evrópska efnahagssvæðisins. Jafnframt hefur virk þátttaka verið í SOGS-nefnd Evrópusambandsins (e. Senior Officials Group on Standardization and market surveillance). Framangreindum fundum fylgir einnig þátttaka í samstarfi EFTA-ríkja að málefnum EES-samningsins á starfssviðum stofnunarinnar. Neytendastofa er einnig virkur þátttakandi í norrænu samstarfi og tekur forstjóri m.a. þátt í starfi NordKons sem er óformleg nefnd á vegum ráðherra neytendamála á Norðurlöndum sem er samráðsvettvangur um ýmis mál á sviði neytendamála. Jafnframt eru fundir sóttir í NSS-nefndinni en hún er samstarfsvettvangur norrænna ríkja um ýmis öryggismál, þ.m.t. rafmagnsöryggismál (d. Nordisk Samarbejdskomite om elketriske sikkerhedsspørgsmål). Nánar skal vísað til umfjöllunar um erlent samstarf hjá hlutaðeigandi starfssviðum stofnunarinnar. Loks má geta þess að gæðastjóri sótti sérstakt námskeið til BSI í Bretlandi um hvernig að innri úttektir skuli framkvæmdar samkvæmt kröfum í ISO 17025 staðlinum.

IV. ÖRYGGISVIÐ

Inngangur

Starfsemi Öryggisviðs á síðasta ári var með svipuðu sniði og árin áður. Starfsmenn sviðsins eru Birgir Ágústsson, Fjóla S. Guðjónsdóttir, Grímur Kjartansson, Hallgrímur S. Hallgrímsson, Jóhann Ólafsson, Kristinn Arnar Jóhannesson og Snæbjörn Kristjánsson.

Rafmagnsöryggismál

Hér á eftir verður getið helstu verkefna sem starfsmenn Öryggisviðs unnu að á árinu 2006.

Öryggi raforkuvirkja

Innra öryggisstjórnunarkerfi rafveitna.

Öryggisvið fylgist með árlegum viðhaldsskoðunum á öryggisstjórnunarkerfum rafveitna. Því er fylgt því eftir að fullnægjandi úrbætur séu gerðar á frávikum sem fram koma við skoðun. Þá er farið yfir umfang úrtaksskoðana rafveitna með ástandi virkja og því fylgt eftir að fullnægjandi úrbætur séu gerðar. Ennfremur er Öryggisvið fyrirtækjunum innan

handar varðandi túlkun og útskýringar á reglum, ásamt því að skera úr um vafaatriði varðandi túlkun reglna. Í árslok voru starfandi 18 rafveitur og eru 14 þeirra með viðurkennt innra öryggisstjórnunarkerfi.

Innri öryggisstjórnun iðjuvera og einkarafstöðva

Árið 2002 hóf öryggisvið skipulega að þrýsta á um að iðjuver sem áttu eftir að koma sér upp skilgreindu öryggisstjórnunarkerfi á sama hátt og raforkufyrirtækin gerðu slíkt. Árið 2003 var þessu frekar fylgt eftir og var unnið að innleiðingu öryggisstjórnunarkerfis hjá 29 iðjuverum og lauk því með viðurkenningu hjá 2 aðilum. Í árslok 2006 voru starfandi 39 iðjuver af 45 með viðurkennt öryggisstjórnunarkerfi og þar af fengu 6 iðjuver staðfest kerfi.

Smávirkjanir

Unnið hefur verið markvisst að innleiðingu öryggisstjórnunarkerfa fyrir smávirkjanir. Samtals eru skráðar 8 smávirkjanir og eru 2 þeirra með viðurkennt öryggisstjórnunarkerfi en aðrar hafið innleiðingu.


Önnur verkefni

Í tengslum við stóriðjuframkvæmdir og virkjanaframkvæmdir því samfara, eru reknar dreifiveitur (iðjuver) sem dreifa rafmagni á athafnasvæðum verktakanna. Þessar dreifiveitur eru oftast á ábyrgð verktakanna og þurfa að undirgangast innleiðingarferli samkvæmt reglum.


Öryggi neysluveitna

Eftirlit með nýjum neysluveitum


Síðustu árin hefur töluverð aukning orðið á fjölda tilkynntra neysluveitna frá löggiltum rafverktökum. Árið 2006 voru alls 4219 neysluveitur tilkynntar og er það heldur minna en árið 2005. Af þessum neysluveitum valdi Öryggisvið 1141 veitur til skoðunar sem er svipað hlutafall og á fyrri árum. Það færist einnig í vöxt að rafverktakar tilkynni neysluveitu á rafrænu formi.



Mynd 1. Fjöldi tilkynninga árin 1997 – 2006




Mynd 2. Fjöldi rafrænna tilkynninga 2002 – 2006.



Mynd 3. Fjöldi skoðana árin 1998 – 2006.


Árið 2005 hóf Neytendastofa að láta endurskoða neysluveitur þar sem rafverktakar höfðu fengið athugasemdir við verk sem þeir höfðu áður tilkynnt. Árið 2006 var endurskoðun gerð á 123 veitum, eins og fram kemur á mynd 4. Niðurstöður þessara skoðana sýna að margir rafverktakar hafa trassað að lagfæra þær athugasemdir sem gerðar eru við verk þeirra. Ljóst er að Neytendastofa þarf að bregðast við þessu og mun því huga á næsta ári með hvaða hætti sé unnt að beita sér enn frekar gagnvart þessum hópi rafverktaka.



Mynd 4. Fjöldi endurskoðana árið 2005 - 2006.


Eftirlit með neysluveitum í rekstri

Í upphafi hvers árs velur Öryggissvið neysluveitur í rekstri til skoðunar. Árið 2006 voru þær 633. Rétt er að hafa í huga að síðustu árin stendur sá fjöldi skoðana sem sviðið lætur árlega framkvæma á neysluveitum í rekstri ekki undir því markmiði stofnunarinnar að hafa sem besta yfirsýn yfir ástand raflagna og rafbúnaðar í landinu. Fjöldi neysluveitna í rekstri í landinu er áætlaður um 120.000 – 150.000. Eðlilegt væri að fjöldi skoðana í þessum flokki væri ekki innan við 1000 veitur á ári og er það stefna Öryggissviðs og yfirstjórnar Neytendastofu að auka slíkar skoðanir í framtíðinni.




Mynd 5. Fjöldi skoðana á neysluveitum í rekstri árin 1999 -2006.

Á mynd 6. má sjá tegundarflokkun þeirra neysluveitna í rekstri sem voru skoðaðar á árinu. Innan þessara flokka var aðaláherslan lögð á skoðun raflagna á verkstæðum, tjalðstæðum og fiskvinnslu. Einnig var töluvert skoðað af íbúðarhúsnæði, sem byggt er fyrir 1950.



Mynd 6. Flokkun skoðaðra neysluveitna í rekstri árið 2006.

Kostnaður vegna skoðana á nýjum neysluveitum og neysluveitum í rekstri er fjármagnaður af Neytendastofu og er stór hluti af rekstrarfé Öryggissviðs. Á mynd 7. kemur fram kostnaður við neysluveituskoðanir síðustu árin.



Mynd 7. Kostnaður við neysluveituskoðanir

Löggilding og öryggisstjórnun rafverktaka

Einungis rafverktakar sem eru löggiltir til slíkra starfa af Neytendastofu mega taka að sér rafverktökur og annast viðgerðir á hvers konar rafföngum. Öryggissvið Neytendastofu annast framkvæmd á lögum og reglugerð sem gildir um löggildingu rafverktaka, sbr. lög nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga svo og ákvæði sem gilda um veitingu slíkra starfsréttinda til rafverktaka samkvæmt ákvæðum í reglugerð nr. 254/1971, um raforkuvirki, með síðari breytingum. Við áramótin 2006 - 2007 voru í gildi 514 löggildingar Neytendastofustofu til rafvirkjunarstarfa og hefur því þeim fjölgað í heild um alls 29 frá síðasta ári. Löggildingar skiptast í fjóra flokka:

A-löggilding er löggilding til rafvirkjunarstarfa á háspennusviði

B-löggilding er löggilding til rafvirkjunarstarfa á lágspennusviði

CA löggildingar til takmarkaðra rafvirkjunarstarfa á háspennusviðum

CB löggildingar til takmarkaðra rafvirkjunarstarfa á lágspennusviðum.

Öryggissvið lét skoða öryggisstjórnun hjá 45 rafverktökum á árinu og send voru alls 102 skrifleg erindi til rafverktaka, fyrirspurnir, ítrekanir og áminningar vegna brota á reglum.

Löggilding nýrra rafverktaka

Árið 2006 var löggiltur 41 nýr rafverktaki og enginn rafverktaki endurnýjaði löggildingu sína, samanber álit umboðsmanns Alþingis þar sem kveðið var upp úr um það að ekki væri fullnægjandi lagastoð í lögum nr. 146/1996 til þess að setja það skilyrði í reglugerð um er gildir m.a. um löggildingu rafverktaka að skylt sé að endurnýja hana á fimm ára fresti, sbr. nánar álit umboðsmanns Alþingis um þetta efni, mál umboðsmanns Alþingis nr. 4388/2005 (sjá <http://www.umbodsmaduralthingis.is>).

Markaðseftirlit

Eftirlit með rafföngum á markaði


Rafföng má því aðeins setja á markað hér á landi að hönnun þeirra, gerð og frágangur stofni ekki öryggi manna, húsdýra eða eigna í hættu þegar þau eru rétt upp sett, þeim við haldið og þau notuð með þeim hætti sem til er ætlast. Framleiðendur, innflytjendur og aðrir seljendur raffanga skulu aðeins setja á markað örugg rafföng og jafnframt sjá til þess að öll ákvæði laga um öryggi vöru og þar með talin formleg skilyrði til markaðssetn-

ingar séu ávallt uppfyllt s.s. kröfur um CE-merkingar þegar það á við og hafa aðgengi-
legar fyrir Neytendastofu samræmismatsyfirlýsingar þegar þess gerist þörf vegna starfa
hennar að markaðseftirliti.

Öryggissvið Neytendastofu annast opinbera markaðsgæslu raffanga. Það fylgist með raf-
föngum á markaði, aflar á skipulegan hátt upplýsinga um þau og tekur við ábendingum
frá neytendum og öðrum aðilum. Faggiltar skoðunarstofur annast í umboði Neytendastofu
framkvæmd skoðana í samræmi við gildandi samning hverju sinni, verklagsreglur og
skoðunarhandbók Neytendastofu.


Í byrjun árs 2003 var gerður samningur til þriggja ára við Aðalskoðun hf. um skoðun á
rafföngum á markaði. Jafnframt var verklagsreglum og fyrirkomulagi skoðana breytt með
það að markmiði að ná betri árangri, þ.e. finna fleiri rafföng sem ekki uppfylltu skilyrði.
Einnig var aukið við fræðslu til söluaðila í heimsóknum. Þetta var gert með því að breyta
svokölluðum A-skoðunum, sem áður voru skoðanir á einstökum rafföngum sem valin
voru af handahófi úr rafföngum á skoðunarstað, þannig að nú stendur A-skoðun fyrir
heimsókn á sölustað og “skimun” þeirra raffanga sem þar eru til sölu ásamt fræðslu til
söluaðila um þær kröfur sem gerðar eru vegna markaðssetningar raffanga. Samningurinn
var svo á síðast ári framlengdur um eitt ár en vegna fyrrgreindra breytinga á skoðunum er
ekki hægt að bera upplýsingar um A-skoðanir áranna 2003 - 2006 saman við upplýsingar
fyrri ára.

Á árinu 2006 urðu heimsóknir til söluaðila raffanga alls 299 víðs vegar um land, þeir
voru ýmist voru valdir af handahófi, sem hluti af sérstökum átaksverkefnum eða eftir á-
bendingar. Af þessum heimsóknum voru 241 til smásala, 54 til innflytjenda og 4 til fram-
leiðenda raffanga.



Mynd 8. Heimsóknir 2006, fjöldi eftir eðli starfsemi.


“Skimuð” voru 9968 rafföng og 68 skoðuð nánar (B-skoðun) vegna gruns um að þau uppfylltu ekki kröfur. Á árinu 2005 voru skimuð alls 6012 rafföng og hefur því þessi tegund eftirlits verið aukin verulega frá því sem gert var á síðasta ári. Öryggisvið afgreiddi 13 innlendar ábendingar frá almenningi og fagfólki og er þá átt við vel skilgreindar ábendingar, þ.e. ábendingar sem beinast að ákveðnum rafföngum eða flokki raffanga og/eða ákveðnum söluaðilum. Auk þess bárust sviðinu 534 erlendar tilkynningar um hættuleg rafföng en þessar tilkynningar berast frá öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eftir ákveðnu kerfi sem nánar er kveðið á um í reglum sem í gildi eru á svæðinu. Þá sinnti sviðið fjölda, formlegra og óformlegra fyrirspurna varðandi skilyrði til markaðssetningar raffanga og annað er rafföngum tengist frá almenningi og fagfólki.



Mynd 9. Markaðseftirlit raffanga árið 2006, fjöldi eftir tegund skoðunar og ábendingum.

Athugasemdum sem gerðar eru við öryggi raffanga er skipt í þrjá flokka, í flokki 1 eru minniháttar athugasemdir, í flokki 2 eru athugasemdir sem talið er að gætu valdið hættu og í flokki 3 eru athugasemdir sem talið er að valdi beinni hættu. Einnig eru gerðar athugasemdir við formkröfur þegar það á við, þ.e.a.s. þegar CE-merkingu vantar og/eða þegar gögn til stuðnings samræmi berast ekki.

Öryggisvið setti árið 2006 alls 16 sölubönn á rafföng sem alvarlegar athugasemdir voru gerðar við. Sviðið sendi á sama tímabili út 84 skrifleg tilmæli til söluaðila um úrbætur á rafföngum sem minniháttar athugasemdir voru gerðar við, auk þess að aðstoða ábyrgðaraðila varðandi úrbætur. Fækkun sölubanna og fjölda skriflegra tilmæla á milli ára er vissulega vísbending um að ástand varðandi öryggi raffanga á markaði fari batnandi þó erfitt sé að draga of miklar ályktanir af þessum breytingum á milli ára fyrr en eftir lengri tíma.



Mynd 10. Viðbrögð Neytendastofu. Fjöldi sölubanna og tilmæla 2006.

Öryggi raffanga í rekstri (eldri raffanga).


Á hverju ári sinnir Öryggissvið fjölda skoðana og rannsókna á rafföngum í rekstri, t.d. vegna bruna sem orðið hafa af þeirra völdum. Alvarlegasta dæmið um slíkt er frá árinu 2004 en þá urðu brunar vegna neyðarlýsingarlampa, m.a. í skóla, á barnaheimili, í Þjóðskjalasafninu og á fleiri stöðum. Rannsókn Öryggissviðs, frekari eftirgrennslan og þrýstingur á framleiðandann, með aðstoð innflytjandans á Íslandi, varð til þess að framleiðandinn stóð fyrir allsherjar innköllun á hundruðum slíkra lampa hér á landi. Öryggi raffanga í rekstri hefur oft verið vanmetinn þáttur í starfsemi sviðsins en ljóst er að um er að ræða ákaflega mikilvægan þátt í starfseminni.

Samvinnunefnd.


Öll formleg samskipti á milli Öryggissviðs og skoðunarstofu fara fram í samvinnunefnd sem hittist einu sinni í mánuði. Á þeim fundum er farið yfir skoðanir, reglur, skýrslur, skoðunaráætlanir og önnur atriði sem máli skipta. Á milli funda í samvinnunefnd fara samskipti fram á milli umsjónarmanna verkefnisins.

Eðalmálmar

Undir lok ársins 2006 stóð Öryggissvið fyrir könnun á notkun hreinleika- og nafnastimpla á vörum unnum úr eðalmálmum í samræmi við lög og reglugerðir þar um. Skoðað var hjá 18 söluaðilum á höfuðborgarsvæðinu, alls 121 mismunandi vara. Af niðurstöðum könnunarinnar má ætla að almennt beri vörur unnar úr eðalmálmum bæði hreinleika- og nafnastimpla. Hins vegar er skráningu nafnastimpla hjá Neytendastofu enn mjög ábótavant og mun Öryggissvið Neytendastofu bregðast við því með viðeigandi hætti, s.s. ábendingum til hlutaðeigandi aðila og einnig með því að stuðla að aukinni þekkingu hjá neytendum og hagsmunaaðilum á þýðingu þess að slíkar skráningar séu í lagi. Engu að síður virðist notkun skráðra nafnastimpla hafa aukist töluvert ef miðað er við sambærilega könnun sem fram fór árið 2005.



Mynd 11: Merking hreinleikastimpla, könnun 2006.



Mynd 12: Merking nafnastimpla, könnun 2006.

Markaðseftirlit - Starfsemi á sviði öryggi almennrar vöru og opinberrar markaðsgæslu

Opinber markaðsgæsla og markaðseftirlit

Með opinberri markaðsgæslu er átt við skipulega viðleitni stjórnvalda til að tryggja að vörur á markaði uppfylli settar reglur um öryggi og heilsu. Greint er á milli markaðsgæslu og töku stjórnvaldsákvarðanna til að framfylgja reglum um vöruöryggi. Markaðseftirlit merkir skipulagt eftirlit með vörum á markaði s.s. skoðun á vöru og öflun upplýsinga t.d. með því að taka á móti ábendingum um vöru á markaði sem taldar eru hættulegar sem og fræða og svara fyrirspurnum frá neytendum, framleiðendum, innflytjendum, fyrirtækjum sem og öðrum stjórnvöldum um öryggi vöru. Jafnframt er um að ræða ráðgefandi hlutverk er lýtur að upplýsingagjöf til framleiðenda og innflytjenda um öryggi vöru s.s. hvaða staðlar gildi um ýmsar vörur, notkun CE merkisins og samræmisyfirlýsinga. Reynslan hefur auk þess sýnt að upplýsingar og ráðgjöf sem veitt er framleiðendum og söluaðilum vöru stuðlar að auknu vöruöryggi, neytendum til hagsbóta.

Hlutverk Neytendastofu er að annast heildarskipulag markaðsgæslu í samvinnu við önnur eftirlitsstjórnvöld með það að markmiði að tryggja samhæfingu og hagkvæmni opinbers eftirlits. Að því er unnið jafnt og þétt. Samkvæmt lögum nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu þá er Neytendastofa eftirlitsstjórnvald fyrir alla vörflokka, sem ekki eru á ábyrgð annarra eftirlitsstjórnvalda samkvæmt sérstökum lögum eða í þeim tilfellum þar sem sérlög ganga skemur eða úrræði skortir. Auk þess annast stofnunin eftirlit með sérreglum sem hér á landi gilda um öryggi leikfanga, persónuhlífa til einkanota, viðskipta með byggingarvörur, leikvallatækja o.fl.

Hlutverk skoðunarstofu

Faggiltar skoðunarstofur sinna grundvallarhlutverki við opinbera markaðsgæslu, en um faggildingu þeirra gilda m.a. ákvæði í lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl. Með því að fela skoðunarstofu framkvæmd við skoðun á vörum sem hér eru á markaði er skilið á milli stjórnsýsluþáttar eftirlitsins, og framkvæmd skoðana sem skoðunarstofur hafa verið faggiltar til að gera í umboði Neytendastofu. Um er að ræða almennar skoðanir á markaði, skoðanir sem þarf að gera til að kanna hvort hér á landi kunni að vera til sölu hættuleg vara sem viðvörun hefur borist um samkvæmt RAPEX¹ tilkynningakerfinu, vinnsla sértækari verkefna, skoðun á hvort vörur uppfylli og séu í samræmi við kröfur sem gilda um hlutaðeigandi vörflokka, o.fl. Stjórnvaldsákvarðanir eru teknar m.a. með hliðsjón af niðurstöðu skýrslna sem berast Neytendastofu frá skoðunarstofunni. Gerður er samningur við skoðunarstofu og vinnur hún að markaðseftirliti í umboði Neytendastofu samkvæmt fyrirfram skilgreindum verklagsreglum og skoðunarhandbókum.

Innlendar ábendingar

Fjölmargar fyrirspurnir og erindi bárust vegna almennra vara, byggingarvara, leikfanga og persónuhlífa og var unnið frekar í nokkrum málum þessum málaflokkum tengdum. Engin sölubönn voru sett árið 2006 en leyst var m.a. úr málum með tilmælum og öðrum aðgerðum.

¹Rapex = Rapid exchange of information. Sjá nánari útlistun í kafla um „Innlendar ábendingar og erlendar tilkynningar.”

Erlendar tilkynningar - Rapex tilkynningakerfið


Hlutverk Neytendastofu í opinberri markaðsgæslu er m.a. að vera tengiliður við Rapex tilkynningakerfi framkvæmdastjórnar ESB um hættulegar vörur á markaði (e. Rapid exchange of information). Virkni tilkynningakerfisins er með þeim hætti að ef hættuleg vara finnst á markaði innan EES-svæðisins þá er það tilkynnt til allra aðildarríkja svæðisins og ber viðkomandi stjórnvaldi að kanna hvort tilkynnt vara sé hér á markaði eður ei. Neytendastofa sendir áfram til annarra eftirlitsstjórnvalda upplýsingar ef það á við. Jafnframt ber Neytendastofu að gefa út tilkynningar og vara við hættulegum vörum á markaði sem hér á landi finnast og eiga samskipti við Eftirlitsstofnun EFTA svo og önnur eftirlitsstjórnvöld á Evrópska efnahagssvæðinu.

Mikil aukning hefur orðið á fjölda tilkynninga síðustu árin. Aukinn fjöldi tilkynninga þýðir þó ekki að fleiri hættulegar vörur séu á markaði en áður heldur er skýringa fyrst og fremst að leita í fjölgun aðildarríkja og því fleiri aðila sem senda tilkynningar í gegnum kerfið. Á síðasta ári bárust alls 1051 tilkynningar í gegnum Rapex tilkynningakerfið. Mikilvægi tilkynninganna er mismunandi eða allt frá því að fjalla um hættulega vöru á markaði og til þess að vera til upplýsinga. Ljóst er að ekki er unnt að leita að öllum þeim tilkynningum sem berast og því mikilvægt að nýta þá þekkingu um markaðinn til þess að ákveða hvaða tilkynningum leita skuli að. Þær tilkynningar sem ekki er leitað að sérstaklega eru settar á lista hjá skoðunarstofu sem er yfirfarinn þegar skoðun fer fram.

Rannsóknir og skráning slysa og tjóna af völdum rafmagns

Árið 2006 skráði Neytendastofa 120 tilvik um bruna þar sem grunur lék á að orsaka-valdurinn væri rafmagn og þar af tók Öryggissvið þátt í 45 rannsóknum. Einnig var farið yfir rannsóknarniðurstöður lögreglu í 75 tilvikum. Endanleg skráning bruna af völdum rafmagns árið 2006 voru 93. Athygli er vakin á því að Öryggissvið skráir einungis þá bruna sem henni berast sérstaklega upplýsingar um t.d. frá tryggingafélögum, lögreglu eða öðrum stjórnvöldum en það er einungis lítill hluti allra rafmagnsbruna sem árlega eiga sér stað.

Öryggissvið Neytendastofu hefur skráð 11 tilvik um slys og hættuástand árið 2006 og af þeim voru engin tilvik rannsökuð af Öryggissviði enda ekki óskað eftir aðstoð stofnunarinnar til nánari rannsókna á framangreindum tilvikum. Samkvæmt skráningum Öryggissviðs skapaðist í 9 tilvikum hættuástand hjá rafveitum.




Mynd 13. Fjöldi rafmagnsbruna 1997 - 2006

Skýrsla um slys og tjón af völdum rafmagns fyrir árið 2005

Öryggissvið Neytendastofu gaf út á árinu skýrslu um bruna og slys af völdum rafmagns fyrir árið 2005 og er hana að finna á heimasíðu Neytendastofu. Í skýrslunni er fjallað um upplýsingaöflun, orsök bruna, afleiðingar og brunastaði og birt ítarleg samantekt á tölfræði.

Samanburður á uppruna rafmagnsbruna



Mynd 14. Samanburður á uppruna rafmagnsbruna

Almenn öryggis- og tæknimál

Upplýsingaskipti og tæknilegar tilkynningar á grundvelli EES- samningsins

Öll lög, reglugerðir og tilkynningar sem geta hindrað flæði vöru og þjónustu ber íslenskum stjórnvöldum að tilkynna 3 mánuðum áður en þau eru sett til að gefa öðrum löndum á EES-svæðinu tækifæri til að koma með athugasemdir. Neytendastofa er þjónustuaðili fyrir utanríkisráðuneytið varðandi öll upplýsingaskipti um slíkar tilkynningar, sbr. lög nr. 57/2000, um skipti á upplýsingum um tæknilegar reglur um vörur og fjarþjónustu, og reglugerðir settar samkvæmt þeim lögum. Framangreind lög eru sett á grundvelli tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/34, sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða.

Ísland sendi eina tæknilega tilkynningu til ESA árið 2006 (voru alls 17 árið áður). Neytendastofa dreifði 723 tilkynningum frá ESB árið 2006 sjá nánar neðangreinda töflu en alls voru áframsend til Neytendastofu sjálfvirkt frá utanríkisráðuneytinu (tbt@utn.stjr.is) 3.788 tölvuskeyti á árinu 2006. Í júní 2006 kom bréf frá ESA varðandi 23 íslenskar tilkynningar sem ekki var búið að senda inn lokatexta fyrir (þ.e.a.s. setja regluna). Flestar

Þessar tilkynningar voru vegna fyrri athugasemda frá ESA um íslenskar reglur sem settar höfðu verið án þess að það hafi verið tilkynnt.

723 tilkynningar um drög að reglum sem Neytendastofa dreifði á árinu 2006 – skipting eftir löndum

Dýskaland : 77	Danmörk: 24	Portúgal : 7
Holland: 71	Tékkland: 21	Malta : 7
Spánn: 70	Ítalía : 20	Írland: 6
Stóra Bretland :59	Finnland: 18	Grikkland: 5
Frakkland: 57	Ungverjaland : 15	Lúxembúrg : 2
Svíþjóð : 50	Slóvenía: 11	Lettland : 2
Pólland: 48	Litháen : 10	Kýpur: 1
Austurríki: 42	Slóvakía: 9	EFTA : 36 (Ísland 1)
Belgía : 28	Eistaland : 8	Tyrkland: 19

Nánari sundurliðun á helstu málaflokkum er að finna í neðangreindri töflu. Athyglisvert er að tilkynningar um byggingarmál voru fleiri árið 2006 en um landbúnaðarmál sem hafa hingað alltaf trónað á toppnum.

723 tilkynnt drög að reglum á árinu 2006 - yfirlit um helstu málaflokka

Construction: 106	Information Society services : 34
Food products and agriculture : 101	Pharmaceutical products : 22
Machinery : 89	Domestic appliances and leisure : 19
Telecommunications : 88	Chemicals : 17
Transport : 85	Health, medical devices : 14
Energy, minerals, wood : 54	GMOs : 11
Environment, packaging : 52	Various : 31

Nöfn málaflokka í töflunni eru á ensku, en þeir eru: byggingarvörur, matvæli og landbúnaðarvörur, vélar, fjarskiptamál, samgöngumál, orku, -timbur og námamál, umhverfismál og pökkun, upplýsingatækni, lyfjamál, heimilistæki og frístundatæki, efnablöndur, heilbrigðismál og lækningatæki, erfðabreytt matvæli og loks er tilgreindar tilkynningar í flokknum ýmislegt.

Helst urðu viðbrögð við tilkynningum sem vörðuðu fjárhættuspil ýmis konar, tilkynningum um bönn við efnum eins og kvikasilfri og efninu *deca-BDE* sem notað er til að draga úr eldhættu í rafmagnsvörum og í bólstruðum húsgögnum. Einnig voru nokkur viðbrögð við tilkynningum um reglur er varða velferð dýra þar sem Ísland studdi mótmæli Norðmanna við tilkynningu 2006/87/NL þar sem takmarka átti verslun með afurðir af selum.

Fulltrúi Neytendastofu sat einn af þrem fundum sem haldir voru í 98/34 nefndinni og hefur aðgang að fundargerðum og fundarefni annarra funda í gegnum lokað vefsíðu.

Framkvæmdastjórn ESB er ánægð með 98/34 ferilinn, þ.e. ferlið sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 98/34, sem setur reglur um tilhögun upplýsinga-skipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða og finnst það mjög jákvætt að geta komið með athugasemdir (155 árið 2006) og jafnvel „Detailed opinions“ (51) og „blokkeringar“ (2) því með því er verið afstýra vandræðum sem síðar meir mundu koma upp, sbr. nánar skýrslur ESB um þetta efni á heimasíðu ESB.

Aðildarríkjum ESB var fjölgað úr 15 í 25 með stækkun Evrópusambandsins en ætla má að árið 2006 sé jafnvægi.

ESB telur að athugasemdirnar hafi komið af stað rökræðu sem leitt hafi til betra reglu-umhverfis og betri gæði reglnanna, þannig hafi 98/34 ferillinn lagt sitt af mörkum til stefnumiða ESB um betri lagaumgjörð, sbr. skjalið “**Better Regulation for Growth and Jobs - COM(2005)97**” sem Neytendastofa vakti athygli á í bréfi til ráðuneytanna, Samataka atvinnulífisins og fleiri dags. 29.03.2006. Neytendastofa lét fylgja með því bréfi bæklinginn “**A guide to the procedure for the provision of information in the field of technical standards and regulations and of rules on Information Society services**”.

Rafrænar undirskriftir

Á árinu 2006 fór í gang samstarfsverkefni ríkis og bankanna sem ætlað er að leiða til þess að haustið 2007 verði rafræn skilríki og undirskriftir loks tekin í almenna notkun á Íslandi, en tilskipunin um rafrænar undirskriftir kom 1999 (1999/93/EB) og íslensku lögini voru sett 2001, sjá nánar lög nr. 28/2001, um rafrænar undirskriftir um efni framan-greindra reglna. Ef áætlanir standast þá verða rafrænu skilríkin í örgjafa í nýrri útgáfu af bankakortum og allar líkur eru á að boðið verði uppá fullgild skilríki og undirskriftar-búnað sem telst öruggur samkvæmt framangreindum lögum.

En til þessa að rafræn undirskrift sé fullgild þá þarf hún að vera studd fullgildu vottorði og gerð með öruggum undirskriftarbúnaði. Neytendastofa hefur eftirlit með því að vottunaraðilar fullnægi öllum kröfum í lögnum um rafrænar undirskriftir en þá eru þær einnig gjaldgengar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í febrúar héldu meðlimir Forum of European Supervisory Authorities for Electronic signatures (FESA) fund hjá Neytendastofu. Meðal markmiða FESA er að samhæfa skilgreininguna á fullgildum rafrænum undirskriftum (túlkun á 1999/93/EB) þannig að engir hnökrar verði á gagnkvæmri viðurkenningu milli landanna.

Innlent samstarf

Samorka

Neytendastofa er aðili að Samorku (Samtök raforku-, hita- og vatnsveitna). Á síðasta ári tók Öryggissvið þátt í mörgum fundum sem haldnir voru á vegum Samorku. Almennt var fjallað um rafmagnsöryggismál og samskipti Neytendastofu og rafveitna.

Rafstaðlaráð/Staðlaráð

Neytendastofa er aðili að Rafstaðlaráði (RST). Rafstaðlaráð er vettvangur þeirra sem vilja efla stöðlun á rafmagnssviði hér á landi og er fulltrúi frá Öryggissviði í stjórn þess. Þá má nefna tækniráðsfundi CENELEC (BT) sem haldnir eru fjórum sinnum á ári. Þessa fundi situr fulltrúi Rafstaðlaráðs og hefur fundað með starfsmönnun Öryggissviðs fyrir og eftir umrædda tækniráðsfundi og rætt mál er upp koma og snerta sviðið. Einnig hefur Öryggissvið töluverð samskipti við Staðlaráð Íslands.

Þá hefur Öryggissvið fóstrað eftirfarandi tækninefndir á vegum IEC (Alþjóðaraftækni-ráðið) og CENELEC (Evrópsku rafstaðlasamtökin):

IEC/CENELEC TC 61,	Rafföng, heimilistæki.
IEC/CENELEC TC 64,	Raflagnir í byggingum.
IEC/CENELEC TC 23 B, C, X	Klær og tenglar til heimilisnota.
IEC/CENELEC TC 11,	Háspenntar línur.
CENELEC BTTF 95-1,	Gæðakerfi verktaka.

Fóstrun tækninefndanna felur m.a. í sér yfirferð og vistun gagna frá fyrrgreindum nefndum.

Rafmagnsöryggisráð

Í Rafmagnsöryggisráði sitja auk forstjóra og sviðsstjóra Neytendastofu, fulltrúar Félags raftækjaheildsala, Samorku og Samtaka atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði. Ráðinu er

einkum ætlað að vera forstjóra Neytendastofu til ráðgjafar um rafmagnsöryggismál. Á síðasta hélt ráðið 4 fundi.

Nefnd um sviptingu löggildingar rafverktaka til rafvirkjunarstarfa

Fulltrúar Samorku og Samtaka atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði, ásamt fulltrúa Neytendastofu sitja í nefnd um sviptingu löggildingar rafverktaka. Nefndinni er ætlað að fjalla um og leggja fram tillögur til forstjóra Neytendastofu vegna þeirra rafverktaka sem ekki fara eftir settum reglum á rafmagnsöryggissviði. Á síðasta ári kom nefndin saman einu sinni og lagði til að einn rafverktaki yrði sviptur löggildingu.

Ljóstæknifélag Íslands

Neytendastofa er meðlimur í Ljóstæknifélagi Íslands og hefur sótt fundi og ráðstefnur félagsins frá stofnun þess.

Erlent samstarf

Öryggissvið sinnir erlendu samstarfi er varðar markaðseftirlit og öryggi almennrar vöru og raffanga af fremsta megni en því miður hefur af ýmsum ástæðum ekki verið hægt að sinna því eins og æskilegt væri. Í þessu sambandi má nefna hina ýmsu samstarfshópa markaðseftirlitsstjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), svokallaða “AdCo” hópa. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins leggur mikla áherslu á að þessu samstarfi sé vel sinnt af hálfu aðildarríkjanna á EES-svæðinu, enda ein af forsendunum fyrir að Innri markaðurinn virki eins og til er ætlast. Reyndar hafa birst í nýjustu tilskipunum ESB ákvæði sem beinlínis skylda aðildarríkin til að taka þátt í slíku samstarfi en það sýnir þá vaxandi áherslu sem ESB leggur á virka þátttöku aðildarríkjanna í opinberri markaðsgæslu. Til viðbótar við þetta fer ekki á milli mála að Neytendastofa hefur mikla hagsmuni af svona samstarfi, ekki síst aðgengi að þekkingu og sérfræðingum sem það veitir. Auk þess er eitt af markmiðum slíks samstarfs að “ýta í gang” aðildarlöndum sem lítið eða ekkert markaðseftirlit stunda. Færa má fyrir því rök að fátt auki rafmagnsöryggi á Íslandi eins mikið og að bæta markaðseftirlit í mörgum af stærri löndum Evrópu þar sem mikil framleiðsla raffanga fer fram.

Helstu samstarfshópar í erlendu samstarfi eru:

LVD-AdCo sem er samstarfshópur markaðseftirlitsstjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) um framkvæmd markaðseftirlits vegna “lágspennutílskipunarinnar” (LVD), sem fjallar um öryggi raffanga við markaðssetningu. Öryggissvið hefur lagt áherslu á að sinna þessu samstarfi vel. Fundir eru að jafnaði tvisvar á ári.

LVD-WP sem er samstarfshópur markaðseftirlitsstjórnvalda og annarra hagsmunaaðila, s.s. framleiðenda neytenda og staðlasamtaka á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Hópnunum er ætlað að fjalla um og koma með tillögur til framkvæmdastjórnar ESB að breytingum, túlkunum og þróun “lágspennutílskipunarinnar”. Öryggissvið hefur reynt að sinna þessu samstarfi eftir fremsta megni, þó ekki hafi alltaf verið hægt að taka þátt. Fundir eru einu sinni til tvisvar á ári.

NSS-MK sem er samstarfshópur markaðseftirlitsstjórnvalda á Norðurlöndum um öryggi og markaðseftirlit raffanga. Öryggissvið hefur lagt áherslu á að sinna þessu samstarfi vel, þó ekki hafi verið hægt að taka þátt í öllum verkefnum hópsins. Fundir eru að jafnaði einu sinni á ári.

EMC-AdCo sem er samstarfshópur samsvarandi LVD-AdCo um framkvæmd markaðseftirlits vegna tilskipunarinnar um rafsegulsviðssamhæfi, EMC. Öryggissvið hefur lagt áherslu á að sinna þessu samstarfi vel, þó ekki hafi verið hægt að taka þátt í öllum verkefnum hópsins. Fundir eru að jafnaði tvisvar á ári.

EMC-WP sem er samstarfshópur samsvarandi LVD-WP um tilskipun um rafsegulsviðssamhæfi. Öryggissvið hefur ekki getað sinnt þessu samstarfi. Fundir eru að jafnaði tvisvar á ári.

ATEX-AdCo sem er samstarfshópur samsvarandi LVD-AdCo um framkvæmd markaðseftirlits vegna tilskipunarinnar um rafföng til nota á sprengihættustöðum. Öryggissvið hefur ekki getað sinnt þessu samstarfi. Fundir eru að jafnaði tvisvar á ári.

ATEX-SC sem er samstarfshópur samsvarandi LVD-WP um tilskipun um rafföng til nota á sprengihættustöðum. Öryggissvið hefur ekki getað sinnt þessu samstarfi. Fundir eru að jafnaði tvisvar á ári.

Orkumerkingar og orkunýtni. Um er að ræða fjölda tilskipana um þetta efni. Öryggissvið hefur ekki getað sinnt þessu samstarfi og telur reyndar að þess sé ekki þörf í einhverjum tilfellum.

Norræn markaðskönnun – niðurstöður prófana á hávaða frá hvellettum í leikfangabyssum. Sérfræðingur á Öryggisviði sótti norrænan fund þar sem fjallað var um samnorræna könnun og prófun sem gerð var á hávaða frá hvellettum í leikfangabyssum. Niðurstöður prófanna voru ræddar svo og aðgerðir í hverju landi fyrir sig.

PROSAFE (e.the Product Safety Enforcement Forum of Europe) er samstarfsnet stjórnvalda í Evrópu sem starfa að eftirliti með öryggi vöru og var það stofnað upphaflega á árinu 1990. Tilgangur með stofnun samstarfsins var að brýn þörf var á því að auka samstarf milli þeirra aðila sem starfa sameiginlega að því að tryggja öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu á Evrópska efnahagssvæðinu og bera ábyrgð á því að Evrópskum reglum sé framfylgt á Innri markaðnum. Á vettvangi samstarfsnetsins eru haldnir fundir um starfsaðferðir og skipst á upplýsingum um starfið í einstökum ríkjum varðandi öryggi vöru. Jafnframt hefur verið gangsett verkefni sem ætlað er að ljúki á árinu 2008 þar sem skilgreina á bestu starfsaðferðir við framkvæmd markaðseftirlits o.fl. þannig að öryggi neytenda í viðskiptum með vörur verði sem mest. Neytendastofa hefur ekki tekið þátt í samstarfsnetinu fram til þess en æskilegt er að stofnunin taki virkan þátt í samstarfinu í framtíðinni. Nánar verður hugað að því á árinu 2007.

GPSD-nefndin er nefnd sem starfrækt er á grundvelli almennu tilskipunar ESB um öryggi vöru, nr. 2001/95/ESB, sbr. 10. gr. tilskipunarinnar. Neytendastofa hefur ekki tekið virkan þátt í starfi nefndarinnar en því hefur að mestu ráðið nægilegt fjármagn hefur almennt ekki verið tryggt til þess að þeirrar starfsemi sem fylgir innleiðingu á framangreindri tilskipun og framkvæmd laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, með síðari breytingum. Á undanförunum árum hafa verið mikil samskipti við viðskiptaráðuneytið um aðgerðir til þess að tryggja til framtíðar að fjármögnun þeirra verkefna sem varða framkvæmd frangreindra laga. Þess er vænst að það starf beri árangur þannig að þegar til framtíðar er litið þá verði þátttaka tryggð í þessu samstarfi á sviði almennra vöruöryggismála.

Ráðstefnur, námstefnur og vinnuhópar er tengjast ofangreindum hópum og tilskipunum og markaðseftirliti almennt.

Öryggissvið hefur lítið getað sinnt slíku enda í meginforgangi að taka þátt í starfshópum og samstarfi sem snertir hina daglegu þætti og starfsemi stofnunarinnar.

Norrænt samstarf

NSS (Samtök rafmagnsöryggisstofnanna á Norðurlöndum).

Samtök öryggisstofnana á Norðurlöndum sem m.a. bera ábyrgð á rafmagnsöryggismálum halda tvo fundi á ári þar sem fjallað er um sameiginleg rafmagnsöryggismál s.s. reglugerðar- og staðlamál, rafmagnseftirlit, menntun og löggildingar rafverktaka, markaðseftirlit raffanga o.fl. Þá eru starfandi á vegum NSS nokkrir vinnuhópar um einstök málefni sem koma saman 1-2 á hverju ári. Þessir hópar eru:

Samstarfshópur stjórnvalda um markaðseftirlit raffanga (NSS- MK)

Samstarfshópur um samræmingu raflagnareglna (NSS-AG5)

Samstarfshópur um samræmdar skráningar slysa og tjóna. (NSS- Analysegruppe)

Samstarfshópur um upplýsingamiðlun (NSS-Informationsgruppe)

Vinnuhópur um löggildingu rafverktaka

Vinnuhópur um eldavélabruna

Norrænn samstarfshópur um eftirlit með vörum unnum úr eðalmálum

Alþjóðlegt samstarf

IEC-tækninefndir og CENELEC-tækninefndir. Öryggissvið fóstrar nokkrar tækninefndir á vegum IEC og CENELEC eins og áður hefur komið fram.

V. NEYTENDARÉTTARSVIÐ

Meginmarkmið Neytendaréttarsviðs er að stuðla að bættum hag neytenda með því að tryggja að réttindi neytenda séu þekkt og virt.

Verkefni Neytendaréttarsviðs eru þessi helst:

- tryggja að ekkert sé aðhafst sem er óhæfilegt gagnvart neytendum
- stuðla að því að neytendur hafi sem mestar upplýsingar og yfirsýn yfir markaðinn
- vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum

Neytendaréttarsviði er falið eftirlit með lögum um óréttmæta viðskiptahætti og gagnsæi markaðarins, lögum um alferðir, lögum um neytendalán, lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga og lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Mál vegna ofangreindra laga hefjast eftir ábendingu neytenda, kvörtun keppinauta eða samtaka eða að frumkvæði Neytendastofu.

Frá árinu 2005 tilheyrði eftirlit með lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu starfsemi sviðsins. Í mars 2006 varð breyting á skipuriti Neytendastofu sem hafði í för með sér að sá málaflokkur færðist yfir til Öryggissviðs. Ekki verður hér gerð grein fyrir starfsemi málaflokksins um öryggi vöru í janúar og febrúar 2006 þar sem að verkefnið er nú undir umsjón Öryggissviðs stofnunarinnar.

Réttindi neytenda


Óréttmætir viðskiptahættir

Á árinu 2006 komu 145 mál til afgreiðslu hjá Neytendaréttarsviði sem vörðuðu óréttmæta viðskiptahætti, alferðir, neytendalán, húsgöngu- og fjarsölusamninga og rafræna þjónustu, o.fl. Er það álíka málafjöldi og þegar málaflokkurinn var hjá Samkeppnisstofnun en hann var fluttur til Neytendastofu 1. júlí 2005, sbr. ákvæði lögum nr. 62/2005, um Neytendastofu og talsmann neytenda.

Eftir málsmeðferð eru flest málín í þessum í þessum málaflokki afgreidd með tilmælum, ábendingum eða sátt. Alls lauk 19 málum með formlegri ákvörðun Neytendastofu þar af var gripið til íhlutunar í 16 tilvikum. Í einu tilviki var lögð stjórnvaldssekt að upphæð 500 þús. kr. á fyrirtæki fyrir birtingu ólögmætrar auglýsingar en væntanlega mun slíkum málum þar sem sektarúrræðum er beitt fjölga í framtíðinni.

Öllum ákvörðunum Neytendastofu sem teknar eru á grundvelli laga um óréttmæta viðskiptahætti og gagnsæi markaðarins, laga um neytendalán og laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu og fleiri laga, geta málsaðilar skotið til áfrýjunarnefndar neytendamála sem er sjálfstæð úrskurðarnefnd sem er áfrýjunarnefnd á æðra stjórnsýslustigi og getur lögum samkvæmt endurskoðað ákvarðanir Neytendastofu ef aðilar máls velja að áfrýja málum til hennar.

Alls var sex ákvörðunum Neytendastofu áfrýjað til áfrýjunarnefndar neytendamála sem staðfesti niðurstöðu stofnunarinnar í fimm tilvikum. Í stöplaritinu hér að neðan má sjá heildarfjölda þeirra mála sem afgreidd voru og samanburð við fjölda formlegra ákvarðana og áfrýjaðra mála.




Gagnsæi markaðarins

Verðþróun á grænmeti og ávöxtum

Neytendastofa kannaði í janúar 2006 verð á grænmeti og ávöxtum og bar saman við verð frá því í janúar 2005. Birtar voru niðurstöður á meðalverði 54 tegunda grænmetis og ávaxta úr 12 verslunum á höfuðborgarsvæðinu. Í ljós kom að meðalverð á þessum vörum var lægra en það var á sama tíma árið 2005.

Verðmerkingar í matvöruverslunum

Neytendastofa kannaði í febrúar verðmerkingar á samtals 3950 vörum í 79 matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu. Tilgangur þessara kannana hefur verið að athuga verðmerkingar í hillu og hvort samræmi væri milli verðmerkingar í hillu og verðs í afgreiðslukassa. Niðurstöður sýndu að verðmerkingar í matvöruverslunum voru mun lakari en þær voru á sama tíma árið áður. Þannig var ósamræmi í verðmerkingum eða óverðmerkt í 12,2% tilvika en í sambærilegri könnun sem gerð var árið áður var ósamræmið 5,2% eins og sjá má í línuritinu hér að neðan, en þar má sjá árlegar niðurstöður þessara kannana frá árinu 1998.



Þessar niðurstöður, sem voru óviðunandi að mati Neytendastofu, voru kynntar matvöruverslunum og þeim gerð grein fyrir að yrði ástandið ekki bætt gæti komið til þess að sektarúrræðum yrði beitt. Á fundi með ýmsum hagsmunaaðilum þ.e. SVP, FÍS svo og

verslunarstjórum í stærstu verslunum á matvörumarkaði hér á landi voru kynntar hugmyndir og sjónarmið Neytendastofu hvort unnt væri að bæta ástandið að þessu leyti með aukinni gæðastjórnun í verslunum. Fræða þyrfti starfsfólk og gera það í vaxandi mæli ábyrgt fyrir því að verðmerkingar séu í lagi og í samræmi við lög og reglur að þessu leyti. Beri þetta ekki árangur sér Neytendastofa ekki aðrar leiðir færar en að auka sektarúrræði og herða viðurlög, m.a. með setningu skýrari reglna um viðurlög og hugsanlegar sektir ef brotið er gegn reglunum.

Lækkun virðisaukaskatts og þjónustusamningur við viðskiptaráðuneytið

Í október boðaði viðskiptaráðherra til fundar með fulltrúum Neytendastofu, ASÍ og Neytendasamtökunum þar sem leitað var eftir sjónarmiðum framangreindra aðila með hvaða hætti væri unnt að framkvæma verðlagseftirlit og verðkannanir í tilefni af þeim lækkunum á virðisaukaskatti á matvæli, þjónustu gisti-og veitingahúsa svo og niðurfellingu vörugjalda sem ríkisstjórnin tók ákvörðun um í október 2006. Niðurstaða þeirra funda var að í samræmi við starfsskiptingu þá sem myndast hefur á undanförunum árum þá skyldi ASÍ framkvæma verðkannanir á matvörum. Jafnframt var ákveðið að Neytendastofu skyldi falið með sérstökum þjónustusamningi við ráðuneytið framkvæmd verðkannana hjá veitinga-og gistihúsum.

Þess er vænst að niðurstöður framangreindrar könnunar verði kynntar á vormánuðum 2007 til að meta hvort að lækkun virðisaukaskatts og vörugjalda skili sér til neytenda eins og að er stefnt með ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Athugun á verðupplýsingum á þjónustu tannlækna

Í september árið 2005 tóku gildi reglur um verðupplýsingar á þjónustu tannlækna. Reglunum er meðal annars ætlað að bæta upplýsingar til neytenda og auðvelda verðsamanburð. Samkvæmt lögum um óréttmæta viðskiptahætti og gagnsæi markaðarins ber tannlæknum að hafa uppi gjaldskrá, bæði inni á tannlæknastofu sem sýni verð á öllum aðgerðarliðum sem framkvæmdir eru hjá tannlækni sem og útdrátt úr gjaldskránni á biðstofu þar sem greint er frá verði á helstu gjaldliðum. Í athugun sem Neytendastofa gerði í apríl hjá 177 tannlæknum á höfuðborgarsvæðinu sýndi það sig að um 40% þeirra voru

með útdrátt úr gjaldskrá á biðstofu sinni. Þetta er óviðunandi eftirfylgni við settar reglur og mun Neytendastofa ítreka nauðsyn þess að reglum hennar sé framfylgt af hálfu tannlækna og auk þess skoða hvort og hvaða viðurlögum skuli beitt þegar að slík brot koma til kasta stofnunarinnar.

Verð í kassa hærra en verð í hillu

Í maí vakti Neytendastofa athygli neytenda á óvenjumiklu ósamræmi í verðmerkingum í matvöruverslunum en þá hafði mikið borið á því að verð í afgreiðslukassa væri hærra en verðmerking í hillu sagði til um. Í könnun Neytendastofu á verðmerkingum í matvöruverslunum hafði í einstökum verslunum komið í ljós meira ósamræmi á milli verðs í hillu og afgreiðslukassa en áður hafði þekkt. Neytendastofa hvatti því neytendur að vera vel á verði og gæta hagsmuna sinna, m.a. með auglýsingum.

Engar athuganir voru gerðar á gagnsæi markaðarins seinni hluta ársins 2006 þar sem eini eftirlitsfulltrúinn hætti störfum um mitt árið og ekki var ráðið í hans stað og samtímis tók sviðsstjóri þá ákvörðun að nota ekki utanaðkomandi aðila s.s. faggilta skoðunarstofu til þess að koma að eftirlitinu a.m.k. ekki að svo stöddu eða þar til að nánari heildarstefnumótun fyrir starfsemi og starfsaðferðir Neytendastofu liggur fyrir. Framangreind ákvörðun var m.a. byggð á þeirri skoðun stjórnenda og starfsmanna Neytendaréttarsviðs að eingöngu starfsmenn þess séu nægilega hæfir til þess að framkvæma slíkar athuganir á vettvangi og meta hvort reglum sé réttilega framfylgt. Forstjóri hefur óskað eftir því að unnið verði að gerð skoðunarhandbókar sem gæti verið grundvöllur skoðana t.d. í verslunum t.d. hvort reglum um verðmerkingar sé fylgt eða ekki. Gæðastjóri stofnunarinnar hefur gert frumdrög að slíkri skoðunarhandbók en af fyrrgreindum ástæðum hefur mál þetta ekki náð lengra en verður nánar til umfjöllunar hjá stofnunnninni á næsta ári.

Neytendafræðsla

Á árinu var haldinn fyrsti fundur í Neytendafræðsluráði en það er samráðsvettvangur Neytendastofu, fulltrúa frá félagi kennara í lífsleikni, fulltrúa frá Neytendasamtökunum, og Neytendastofu en alls voru haldnir tveir fundir. Neytendastofa telur brýnt að efld verði eins og unnt er fræðsla í grunnskólum landsins um neytendamál en nokkur fræðsla fer um þessi mál hjá framhaldsskólunum. Til að undirstrika mikilvægi þessa þáttar þá var þessi

málaflokkur í kjölfar vinnu að stefnumótun Neytendastofu nú gerður að sérstöku verkefni hjá Neytendaréttarsviði. Góðar umræður hafa verið í starfshópnum um helstu orsakir þess að neytendafræðsla hafi ekki fengið betri framgang í skólum landsins en raun ber vitni. Auk þess hefur á fundum ráðsins komið fram hugmyndir um að starfshópurinn undir forystu Neytendastofu vinni að stefnu – og aðgerðaráætlun um neytendafræðslu fyrir árin 2007-2009 þar sem að þessi mál verði kynnt fyrir skólastjórnendum. Neytendafræðsluráð telur að nauðsynlegt að markvisst sé að því stefnt að auka kennslu um allt er varðar neytendamál í öllum skólum landsins. Talsvert er til af kennsluefni og það þarf að kynna vel fyrir kennurum. Auk þess getur Neytendafræðsluráð komið að liði við að velja erlent kennsluefni og mæla með því til kennslu í neytendafræðslu eða beita sér fyrir að slík kennslugögn verði þýdd og staðfærð þannig að gott framboð verði í framtíðinni af kennsluefni til fræðslu um neytendamál hér á landi. Fullorðinsfræðsla er einnig mikilvæg og æskilegt er að tekið verði upp samstarf um neytendafræðslu sem beint er til eldra fólks til að mynda með samstarfi við stéttarfélög eða aðra aðila. Í því sambandi getur komið t.d. til greina að þýða og aðlaga kennsluvef Evrópusambandsins sem ber nafnið *Dolceta* (e. Development of on line consumer education tools for adults - sjá vefslóðina <http://www.dolceta.eu/>). Mikil og ör þróun á sviði mála er varða réttindi og öryggi neytenda skapar sérstaka og brýna þörf fyrir markvissa kennslu um þessi mál til allra aldurs hópa og ekki síst þeirra sem hafa farið í gegnum skólagöngu áður en lögfestar hafa verið ýmsar reglur sem nauðsynlegt er að almenningur þekki.

Innlent samstarf

Neytendaréttarsvið hefur samstarf við ýmsa ytri hagsmunaaðila og önnur stjórnvöld eftir því sem ástæða þykir til hverju sinni. Fundir hafa verið haldnir til dæmis með fulltrúum Neytendasamtakanna, fulltrúum frá Samtökum verslunar og þjónustu, fulltrúum frá stærstu birgjum á matvörumarkaði m.a. til að ræða um mál er varða verðmerkingar, o.fl.

Erlent samstarf

Starfsmenn á Neytendaréttarsviði ásamt forstjóra tóku þátt í norrænu málþingi eða hugmyndaráðstefnu sem haldin var um norrænt samstarf á sviði neytendamála í Osló í lok ágúst 2006. Hugmyndaráðstefnan var skipulögð á vegum NordKons sem er óformleg

samstarfsnefnd á vegum norrænna ráðherra sem ábyrgð bera á neytendamálum. Nefndin er arftaki fyrrum embættismannanefndar um neytendamál (EK-Konsument) sem starfaði á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um neytendamál (MR-Konsument) en sú ráðherranefnd og það formlega samstarf sem fylgdi henni var lagt niður frá og með 1.janúar 2006. Norræni lögfræðilegi stýrihópurinn sem áður starfaði á vegum hins formlega samstarfs hafði umsjón með verkefninu “Innleiðing ESB-gerða í norrænan rétt”. Í sjóði þessa verkefnis þegar að samstarfinu var formlega slitið skv. framansögðu voru til alls um fimmhundrað þúsund danskar krónur og sér danska neytendaráðið um umsýslu þeirra fjármuna. Ákveðið var að framangreindur sjóður skuli áfram notaður til þess að kosta ýmis málþing og fundi sem kunna að verða ákveðin á næstu árum í samstarfi stjórnvalda á sviði neytendamála. Sviðsstjóri Neytendaréttarsviðs verður tengiliður og fær upplýsingar sendar þegar að ákvarðanir verða teknar um slíka fundi eða ráðstefnur. Neytendastofa mun því áfram taka þátt í slíkum fundum eftir því sem ástæða þykir til. Jafnframt var á árinu fundur í norrænu verkefni um villandi markaðsfærslu á ýmsum sérsviðum (d. Vildledende markedsføring på specialområderne) og sat sviðsstjóri Neytendaréttarsviðs þann fund. Auk þess var haldinn norrænn samráðsfundur í Helsinki í mars 2006 vegna innleiðingar á tilskipun nr. 2005/29/ESB, um óréttmæta viðskiptahætti en hana þarf að innleiða í íslenskan rétt eigi síðar en 12. desember 2007. Mjög gagnlegt er fyrir sérfræðinga Neytendaréttarsviðs að hitta norræna sérfræðinga til að fara yfir flókna lagasetningu hjá Evrópusambandinu en sú þekking skilar sér í betri framkvæmd slíkra lagafyrirmæla eftir að þau hafa verið innleidd í íslenskan rétt.

VI. MÆLIFRÆÐISVIÐ

Inngangur

Fjórir starfsmenn voru á Mælifræðisviði eins og áður. Þeir eru Guðmundur Árnason sviðsstjóri, Gísli H. Friðgeirsson, Þór Gunnarsson sérfræðingar í lögmælifræði, en E. Jóhannes Einarsson er tæknimaður og starfsmaður kvörðunarþjónustu. Þór starfar nær alfarið við lögmælifræði og námskeið vigtarmanna, Jóhannes starfar við kvarðanir og það sem þeim tengjast, Gísli og Guðmundur starfa á báðum vígstöðvum. Framan af ári fór talsverður tími í þjálfun Jóhannesar sem hóf störf í september 2005; enda um að ræða mjög sérhæfð verkefni. Undir lok ársins bauðst sviðinu meiri aðgangur að lögfræðiþjónustu stofnunarinnar og var það mjög þarft þar sem mörg verkefni á sviði lögmælifræði snúast um lög, reglur, tülkanir og úrskurði. Þar kemur Hjördís Björk Hjaltadóttir, lögfræðingur á Stjórnsýslusviði aðallega við sögu.

Þrátt fyrir það er á mörkum að fjórir starfsmenn sviðsins komist yfir öll þau verkefni sem sinna þarf. Dæmi um verkefni sem hefur of lítið verið sinnt er erlent samstarf við landsmælifræðistofnanir, lögmælifræðistofnanir og vinnuhópa þeirra. Ekkert eftirlit hefur verið haft með forpökkuðum vörum um árabíl og engin fræðsla farið fram til að fá íslenska framleiðendur til að taka þá aðferð upp. Vefsíðum sviðsins hefur ekki verið sinnt sem skyldi, t.d með fræðslufni um mælifræði. Eftirlit með löggildingum hefur einnig verið of lítið eins og m.a. má sjá í töflum og kökuritum sem fylgja. Ljóst er því að næg verkefni eru hjá Mælifræðisviði Neytendastofu.

Sviðsstjóri sótti námskeið í kvörðun lóða til vogaframleiðandans Mettler í Sviss. Starfsmaður kvörðunarþjónustu sótti námskeið í notkun lyftara til Vinnueftirlitsins, gerð heimasíðna til Nýja tölvu- og viðskiptaskólans og gerð verklagsreglna til Hópvinnukerfa. Einnig sóttu starfsmenn námskeið um Mælifræði geislavarna svo og nokkur önnur námskeið.

Kvarðanir og mælingar í atvinnulífi

Faggilding kvörðunarþjónustunnar

Árið 2006 var fyrsta heila starfsárið eftir að kvörðunarþjónustan fékk faggildingu sem var formlega veitt Neytendastofu 14. október 2005. Unnið var því alfarið eftir gæðakerfi Neytendastofu og kvörðunarþjónustunnar og er það samkvæmt kröfu UKAS (bresku faggildingarstofunnar) og staðalsins ÍST ISO EN 17025. Fljótt varð ljóst að með faggildingunni eru talsvert auknar kröfur um skráningar, prófanir, síþjálfun og endurmenntun og þar að leiðandi aukið álag á starfsmenn kvörðunarþjónustunnar. Unnið var að útvíkkun á faggildingarsviði með því að bæta við 1 mg - 20 kg lóðum í nákvæmnisflokk F1, hækka hitasviðið í 550°C og vogasviðið í 500 kg vogir með lóðum í nákvæmnisflokk M1. Einnig var unnið að því að uppfylla kröfur nýrrar útgáfu staðalsins ÍST EN ISO/IEC 17025:2005 en fyrri útgáfan var frá 1999. Eftirlitsmat (Surveillance Assessment) fór svo fram dagana 26. og 27. apríl af Peter Harrison og Brian Carney frá UKAS. Nokkrar athugasemdir komu fram og þá einkum við útvíkkun sviðsins. Nokkrar vikur tók að ljúka við endurbætur og breytingar sem farið var fram á og þann 16. júní 2006 birtust á vef UKAS upplýsingar um útvíkkun sviðsins og að faggildingin væri nú samkvæmt 2005 útgáfu staðalsins. Nokkru síðar eða 6. júlí 2006 var gefið út vottorð um útvíkkunina á faggildingunni. Eftir faggildinguna getur kvörðunarþjónustan nú kvarðað eigin F1 lóðasett með samanburði við landsmæligrunninn sem er í nákvæmnisflokk E2 og því a.m.k þrefalt nákvæmari en F1 og því þarf aðeins að senda landsmæligrunninn til kvörðunar í Svíþjóð, með tilheyrandi sparnaði útgjalda sem hljótask af því að þurfa að senda mæligrunnin til útlanda til kvörðunar.


Á áætlun var að auka við faggildingarsviðið með því að fá faggildingu í kvörðun þrýstímæla og átaksmæla. Í lok ársins varð ljóst að það myndi ekki nást vegna anna við aðra hluti og ákveðið að fresta frekari útvíkkun faggildingarinnar.


Kvarðanir

Tekjur fyrir kvarðanir voru 4,5 milljónir 2006, 5,7 milljónir árið 2005, 3,9 milljónir árið 2004 og 5,2 milljónir árið 2003. Um 12% aukning er í tekjum af kvörðunum til lengri tíma lítið en nokkur tröppugangur er á milli ára eins og framangreindar töflur sýna.

Alls voru kvörðuð eða prófuð 640 tæki og gefin út 267 vottorð og er skipting þeirra eftir sviðum og viðskiptavinum eins og línuritinn sýna.

Af ofangreindum kvörðunum voru á árinu 2006 gefin út 95 vottorð fyrir kvörðun 343 voga, lóða og hitamæla með UKAS faggildingu.





Mæligrunnar

Ástand mæligrunna


E2 landsmæligrunnurinn var kvarðaður hjá SP í Svíþjóð, Fluke 732B spennu-mæligrunnur, HP 3458A fjölmæligrunnur og Fluke 5500A kvörðunarmæligrunnur voru einnig kvarðaðir hjá SP í Svíþjóð. Allir helstu mæligrunnar Neytendastofu eru í góðri stöðu.

Lögmælifræði og löggildingareftirlit

Markaðs- og löggildingareftirlit

Í nóvember og desember 2006 voru farnar eftirlitsferðir til að kanna ástand löggildinga. Fyrir valinu urðu svæði með póstnúmer á bilinu 190 til 260. Heldur minna varð um eftirlit en árið áður vegna nýrra laga um mælifræði og þeirra breytinga sem þau hafa á eftirlitið. Heimsótt voru 62 fyrirtæki eða starfsstöðvar á 2 vikum og skoðuð 154 tæki, þ.e.

vogir og bensín- og olíudælur. Til aðstoðar starfsmanni Mælifræðisviðs kom fyrrverandi starfmaður sviðsins og vann hann að eftirlitinu um nokkurt skeið.



Heldur verra ástand virðist vera á löggildingum á vogum en árin á undan og er það áhyggjuefni. Ekki voru skoðaðar nógu margar bensín- og/eða olíudælur til að mark væri á takandi.

Að mati Neytendastofu er ástandið í löggildingum mælitækja alls ekki nógu gott og þá er bæði átt við hve margir láta hjá líða að fá löggildingu og hve oft innsigli mælitækja eru rofin án þess að til komi ný löggilding. Á næstu misserum er því forgangsmál að athuga hvernig skuli brugðist við þessu ástandi.

Löggildingar


Hlutverk Mælifræðisviðs Neytendastofu er m.a. að löggilda mælitæki ef löggilding fer ekki fram hjá einkaaðila í umboði hennar og hafa eftirlit með mælitækjum. Eftirlitið með mælitækjum er tvenns konar. Í fyrsta lagi svonefnt markaðseftirlit samkvæmt “nýaðferð” Evrópusambandsins (e. New approach) en markmið þess er að eingöngu séu markaðssett og seld ný tæki hér á landi sem uppfylla kröfur tilskipana ESB og íslenskra réttarreglna sem innleiða ákvæði slíkra tilskipana. Í öðru lagi er um að ræða yfireftirlit með því að eigendur og ábyrgðarmenn löggildingarskyldra mælitækja fylgi reglum laga og reglugerða sem leggja á framangreinda aðila þær skyldur að sjá til þess að slík mælitæki séu

löggilt með reglubundnu millibili eða séu undir eftirliti í þeirra eigin gæðakerfi þar sem að reglur heimila slíka tilhögun í stað þess að mælitæki séu löggilt með venjulegum hætti af utanaðkomandi aðila sem starfar að löggildingu mælitækja í umboði Neytendastofu.


Fyrir hönd Neytendastofu annast faggilt prófunarstofa Frumherja hf. löggildingar voga, vínmála og rennslismæla fyrir vökva aðra en vatn (bensíndælur o.fl.), rennslismæla fyrir heitt og kalt vatn og raforkumæla í umboði Neytendastofu. Mánaðarlega berast Neytendastofu skýrslur frá Frumherja um ofan nefndar löggildingar. Yfireftirlit Neytendastofu felst m.a. í því að yfirfarnar eru framangreindar skýrslur í því skyni að meta ástandið og taka ákvarðanir um framkvæmd úrtaksskoðana. Auk þess felst í því að Neytendastofu ber að grípa til viðeigandi stjórnvaldsúrræða í tilefni af brotum eftir því sem að ástæða þykir til hverju sinni. Starfsmaður á lögmælifræði hefur sent bréf til þeirra eigenda voga sem ekki hafa látið endurlöggilda á tilsettum tíma miðað við umrædd gögn. Yfirleitt bera þær aðgerðir árangur en þegar önnur ráð þrýtur er getur þurft að grípa til stöðvunar á notkun mælitækjanna t.d. með innsigln.

Töflurnar og kökuritin sýna ástand mælitækja þegar Frumherji h.f. kemur að þeim til að löggilda.

BENSÍNDÆLUR		1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
1.1	Fjöldi löggildinga	1824	1775	1685	1594	1625	1661	1581	1591
1.2	Upphafsstaða:								
	Löggilding í gildi	1347	1054	1029	918	757	853	1019	1044
	Löggilding ekki í gildi	408	622	500	440	699	632	311	338
	Ný tæki, fyrsta lög- gilding	69	99	156	236	169	176	251	209



VOGIR	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
1.1 Fjöldi löggildinga	1625	1851	1995	2011	1798	1807	1398	1528
1.2 Upphafsstaða:								
Löggilding í gildi	414	382	468	730	679	612	640	637
Löggilding ekki í gildi	1103	1243	1169	1161	1058	1085	725	843
Ný tæki, fyrsta löggilding	108	226	358	120	61	110	33	48



Fræðsla og fagmál

Heftið „METROLOGY in short“ frá Euromet var þýtt af starfsmönnum Mælifræðisviðs og gefið út í apríl undir nafninu *Mælifræðiágrip*. Ágripinu var dreift til allra helstu viðskiptavina sviðsins og til framhaldsskóla og háskóla í landinu og einnig er það öllum aðgengilegt á vef Neytendastofu undir

www.neytendastofa.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=270.

Mikill fengur er að þessu hefti sem einnig inniheldur orðasafn sem ná má sérstaklega til undir

www.neytendastofa.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=281.

Einnig á sviðið fagorðasafn í handriti sem ætlunin er að gefa út á vefnum.

Vigtarmannanámskeið fóru fram með svipuðum hætti og áður og eru haldin þrisvar á ári í Reykjavík í upphafi árs, um vor og um haust. Auk starfsmanna Mælifræðisviðs komu kennarar frá Fiskistofu og Frumherja að námskeiðunum. Réttinda námskeið til löggild-

ingar nýrra vigtarmanna eru þriggja daga en námskeið til endurnýjunar réttinda eftir 5 ár (10 ár skv. nýju lögnum) eru einn dagur. Eftir samþykkt Alþingis og gildistöku laganna 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, hófst útgáfa skírteina um bráðabirgðalöggildingu vigtarmanna, samkvæmt sérstökum ákvæðum framangreindra laga. Með lögnum urðu m.a. þær breytingar að löggilding vigtarmanns gildir í tíu ár í stað fimm ára áður. Neytendastofa heldur skrá yfir löggilta vigtarmenn. Neytendastofu er heimilt að veita einstaklingi bráðabirgðalöggildingu til starfa að löggilttri vigtun að fenginni umsögn hlutaðeigandi stjórnvalda. Skilyrði fyrir undanþágu og bráðabirgðalöggildingu er að óframkvæmanlegt sé að fá löggiltan vigtarmann til starfans og brýna nauðsyn beri til að vigtun fari fram lögum samkvæmt. Það skilyrði skal sett að leyfishafi samkvæmt ákvæði þessu sæki fyrsta námskeið eftir að undanþága er veitt. Standist leyfishafi ekki próf fellur bráðabirgðalöggilding hans niður. Taflan geymir yfirlit um námskeið og útgefin vottorð vigtarmanna.

Ár	Fjöldi námskeiða	Fjöldi vigtarmanna	Nýir	Endurnýjun	Bráðabirgða
2000	8	143	72	71	
2001	7	115	38	77	
2002	8	137	39	98	
2003	10	145	81	64	
2004	6	105	70	35	
2005	5	114	83	31	
2006	6	115	69	46	25

Lög og reglugerðir

Ein lög og 5 reglugerðir á sviði mælifræði komu út og tóku gildi á árinu 2006. Fleiri reglugerðir voru í vinnslu um haustið og verður þeirri vinnu fram haldið á árinu 2007. Við þinglok vorið 2006 voru "mælifræðilög" þ.e. lög nr. 91/2006 um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn samþykkt. Í meðferð þingsins voru gerðar nokkrar breytingar á ákvæðum frumvarpsins um sértekjur. Með setningu laganna voru fyrri lög nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu felld úr gildi. Málefni faggildingar eru ekki lengur í mælifræðilögum enda hafa verið gefin út sérstök lög um faggildingu, o.fl. nr. 24/2006 og flutti starfsemi faggildingarsviðs samkvæmt ákvæðum laganna til Einkaleyfastofu en meginá-

stæða þess að vistun hjá þeirri stofnun skapar ekki hættu á neins konar hagsmunaaðrekstrum sem aftur voru fyrir hendi ef starfsemin hefði verið áfram vistuð hjá Neytendastofu m.a. vegna faggildingar á kvörðunarþjónustu hennar, o.fl. atriðum. Mælifræðilögin veita m.a. heimild til að innleiða tilskipanir um mælitæki, að fela einkaaðilum löggildingu og eftirlit í umboði Neytendastofu, að eigendur mælitækja noti innra eftirlit í stað löggildinga ef Neytendastofa veitir viðurkenningu á slíku innra eftirliti með mælitækjum og að setja reglur um löggilta vigtarmenn. Hin nýju lög mæla fyrir um fagráð atvinnulífsins sem er forstjóra og starfsmönnum til ráðgjafar og vettvangur til upplýsingaskipta við fulltrúa hagsmunaaðila um málefni á sviði mælifræði. Loks eru lögin auk þess grundvöllur fyrir notkun alþjóðlega mælieiningakerfisins (SI) og rekjanlegra kvarðana mælitækja þau veita og veita víðtækar heimildir til að setja nánari reglur á sviði mælifræði með setningu reglugerða en einkenni mælifræðinnar er einmitt að mjög oft verður að útfæra nánari reglur um mælitæki í reglugerðum.

Við þinglok vorið 2006 var auk þess samþykkt þingsályktun um að heimila að fella tilskipun nr. 2004/22/EB um mælitæki inn í II. viðauka EES samningsins. Í framhaldi af því og með heimild í mælifræðilögum var stefnt að því haustið 2006 að innleiða mælitækjatilskipunina með reglugerð. Aðildarríkjunum bar að láta mælitækjatilskipunina koma til framkvæmda fyrir 30. apríl 2006. Ekki tókst að ljúka því verki á árinu 2006 en eigi að síður var gert ráð fyrir réttaráhrifum tilskipunarinnar við vinnu við aðrar reglugerðir.

Reglugerð nr. 296/2006 um vínmál og löggildingu þeirra tók gildi 24. mars 2006 en hún er lítið breytt frá eldri reglugerð nr. 608/2000 um vínmál og löggildingu þeirra sem var felld úr gildi. Ástæða þess að reglugerðinni var breytt var sú ósk Samtaka ferðaþjónustunnar um að leyfðar stærðir vínmála væru endurskoðaðar en fyrirhuguð er nánari heildarendurskoðun á þessum reglum á næstu misserum.

Reglugerð nr. 954/2006 um löggildingarskyldu mælitækja í notkun tók gildi 9. nóvember 2006. Í eldri lögum um vog og mál var ákvæði um löggildingarskyldu en í nýju mælifræðilögum er ekkert slíkt ákvæði, heldur er gert ráð fyrir því að ráðherra mæli fyrir

um löggildingar og eftirlit. Með niðurfellingu eldri laga og á meðan beðið var nýrra reglugerða um eftirlit með einstökum flokkum mælitækja var því nauðsynlegt að setja reglugerð sem skilgreindi hvaða mælitæki væru löggildingarskyld, þannig að unnt væri að framfylgja löggildingum áfram með óbreyttum hætti eins og að hefur verið stefnt.

Reglugerð nr. 956/2006 um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Neytendastofu tók gildi 9. nóvember 2006 og einnig var felld úr gildi reglugerð nr. 648/2000 ásamt síðari breytingum um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu. Tilfni nýrrar reglugerðar voru hin nýju mælifræðilög og var reglugerðin löguð að þeim en í stórum dráttum er hún eins byggð upp að grunni til og fyrri reglugerð. Ákvæði um löggildingartákn hafa verið tekin út og sett í sér reglugerð og jafnframt hafa löggildingartákn og önnur tákn verið endurskoðuð og breytt.

Reglugerð nr. 955/2006 um löggildingartákn og merkingar eftirlitsskyldra mælitækja tók gildi 9. nóvember 2006. Áður höfðu verið ákvæði um löggildingartákn í reglugerð nr. 648/2000 um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu en nú var talið skýrara að setja þau í sérstaka reglugerð. Jafnframt var tekið á því að tilskipun um ósjálfvirkar vogir (90/384/EBE) og hin nýja mælitækjatilskipun (2004/22/EB) heimila að mælitæki sé sett á markað og tekið í notkun án löggildingar. Talið var óheppilegt vegna neytenda að þeir gætu ekki séð á neinni merkingu að mælifræðistjórnvaldið hefði samþykkt notkun viðkomandi tækja t.d. til viðskipta. Þess vegna eru skilgreindir sérstakir miðar, svipaðir löggildingarmiðum, sem eigendum mælitækjanna ber að hafa á þeim. Neytendastofa lætur gera þessa miða og afhendir þá að kostnaðarlausu en hefur eftirlit með notkun þeirra. Myndir af löggildingarmiðum og öðrum löggildingartáknum sem nú hafa verið samkvæmt framansögðu verið endurnýjuð er að finna í viðauka við reglugerð nr. 955/2006.

Reglugerð nr. 958/2006 um breytingu á reglugerð nr. 793/2002 um löggildingunni ósjálfvirkra voga tók gildi 9. nóvember 2006. Með henni var löggildingarsviði fyrir ósjálfvirkar vogir skipt upp í tvö svið til og með 3000 kg og yfir 300 kg. Þetta var gert til þess að greiða fyrir því að smærri aðilar ættu kost á því að fá umboð Neytendastofu og veita

þjónustu á sviði löggildinga, en það eykur samkeppni og val fyrirtækja á þjónustuaðilum er taka að sér löggildingu mælitækja í umboði Neytendastofu.

Innlent samstarf

Á árinu var mikið samstarf við viðskiptaráðuneytið um löggjafarmál á sviði mælifræði. Sérfræðingar Mælifræðisviðs tóku virkan þátt í ýmsum fundum á vegum ráðuneytisins um frumvarp til laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn. Fulltrúar sviðsins mættu einnig oft en einu sinni fyrir þingnefnd þegar málið var til umfjöllunar á Alþingi en ný lög voru sett í byrjun júní.

Erlent samstarf

Evrópskt samstarf

Sérfræðingur í lögmælifræði sótti aðalfund WELMEC í Plovdiv í Búlgaríu 4.-5. maí 2006. Efni fundarins er allt svið lögmælifræðinnar sérstaklega nú hin nýja mælitækjatilskipun, skýrslur og starfsemi vinnuhóp og útgáfa leiðbeiningarskýrslna.

Starfsmenn Mælifræðisviðs sem starfa að lögmælifræði og forstjóri sátu árlegan Nordjust fund sem nú var haldinn 21. og 22. ágúst í Reykjavík eftir fimm ára hlé. Helstu efni, sem tekin voru fyrir, eru tilkynntur aðili og MID, vinnan í WELMEC og staða OIML skjala inna EBE, innleiðing MID og dæmi þar um frá Danmörku, afdrif eldri gerðarviðurkenninga við innleiðingu MID, eftirlit með lengdarmælitækjum, sala lífgass, raforkumælar og fjarálestur, auka-búnaður við vogir og bensíndælur vegna ómannaðra stöðva og greiðslur þar og tímamælingar tengdar vegtollum.

Forstjóri sótti þar að auki fundi í norrænum hópi um lögmælifræði í Stokkhólmi þar sem m.a. var rætt um innleiðingu MID á Norðurlöndunum og löggildingu mælitækja á borð við dælu á olíubíl sem fer á milli landa og möguleika á gagnkvæmum viðurkenningum á

löggildingum í því sambandi. Sérfræðingur í lögmælifræði sótti fund vinnuhóps 2 í WELMEC í Gautaborg í desember um sjálfvirkar og ósjálfvirkar vogir.